

Véltjórafélag Íslands hefur opnað sparisjóð

Sparisjóður véltjóra hóf starfsemi sína í gær í húsi Farmannasambandsins að Bárugötu 11. Sparisjóðurinn er a'mennur og mun veita svipaða þjónustu og ávaxta fé með sömu kjörum og aðrar hliðstæðar stofnanir.

Stjórn sjóðsins skipa þau Gisli Jónsson albm. formaður, frú Jónna Loftsdóttir og Hallgrímur Jónsson véltjóri. Félirðir er Tómas Guðjónsson véltjóri. Húsakynni sjóðsins eru enn lítil en vistleg og hafa þeir Jón og Grétar Björnssynir gert veggskreytingu.

Sparisjóðsstofnun þessi á sér langan aðdraganda, hugmynd að henni kom fyrst fram í Véltjórafélagi Íslands árið 1937 en véltjórar voru þá innan við 200 talsins og ekki talið kleift

Montgomery heimsækir Kúbu

LONDON — Montgomery marskálkur sem nýlega heimsótti Kína í annað sinn með stuttu millibili hefur begið boð um að koma til fundar við Fidel Castro í Havana. Boðið fékk hann meðan hann var í Peking.

Í ræðu sem Montgomery hélt á fundi hermanna sem börðust við El Alamain í heimsstyrjöldinni komst hann m.a. svo að orði: „Lykillinn að friði í heiminum er geymdur í Peking.“

Frásagnir af dýrum

Bókaútgáfa Menningarsjóðs hefur gefið út safn frásagna af mönnum og dýrum eftir Bergstein Kristjánsson.

Æskan og dýrin nefnist bók in, sem er 106 blaðsíður auk nokkurra myndasíðna; frásagnirnar í bókinni eru 14 talsins.

Lítið hefti með dýrasögum hefur áður (1943) komið út frá hendi Bergsteins Kristjánssonar.

Safnað fé fyrir síðari álmu Blindraheimilis

Um síðustu áramót var hrein eign Blindrafélagsins kr. 2.183.000 og á árinu var tekjuafgangur kr. 404.000. Vörusala Blindravinnustofunnar á árinu nam 686.248 krónum og tekjuafgangur kr. 199.762.

Þetta kom fram á nýafstöðnum aðalfundi, þar sem rætt var um næsta stórverkefni félagsins, byggingu síðari álmu Blindraheimilisins í Hamrahlíð 19. Félagið skuldar mikið vegna þeirra framkvæmda sem lokið er, en þörfin er brýn að geta tekið á móti aukinni aðsókn. Verða merki seld til ágóða fyrir félagið á sunnudaginn. Heitir félagið á alla velunnara sína að bregðast vel við, og telur að Blindraheimilið sýni að því fé sé vel varið sem félagið fær til umráða til að bæta úr þörfum blindra.

Aðalfundurinn kaus í stjórn Blindrafélagsins þau Margréti Andrésdóttur, Rósu Guðmundsdóttur, Kr. Guðmund Guðmundsson, Guðmund Jóhannesson og Hannes M. Stephensen.

Þá hrinda henni í framkvæmd. Á öndverðu ári 1950 var svo samþykkt tillaga frá Hafliða Hafliðasyni um stofnun sparisjóðs, nefnd skipuð í málið, reglugerð samin fyrir sjóðinn og fékk hún síðan staðfestingu fjármálaráðuneytisins.

Ábyrgðarmenn sjóðsins eru um 100 en nú eru félagsbundnir véltjórar hátt á siötta hundruð og fer ört fjölgandi. Áhugi véltjóra fyrir sparisjóðsstofnuninni hefur verið mikill og hafa nú aðrar greinar sjómannasamtakanna óskað eftir að eiga hlutdeild í fvirrtækinu og er búlt við að það verði áður en langt um l'ður. Sparisjóðurinn mun starfa sem lánastofnun fyrir félagsmenn.

Stofnun þessa sparisjóðs er ekki eina afrekið í félagslegum velferðarmálum sem Véltjórafélag Íslands hefur unnið þau númu 50 ár síðan það var stofnað. Fyrsti styrktarsjóður félagsins var stofnaður 1915, Barnasjóður var stofnaður 1923, styrktarsjóður ekkna, Valdemarsjóður, 1925 og 1926 byggði félagið hús með tveim íbúðum fyrir fjölskyldur fallinna félaga og jafnframt voru þar tvær verðanir fyrir ekkjur sér til framfæris. Stofnaðir hafa verið lífeyrissjóðir fyrir félagana og árið 1915 beitti félagið sér fyrir stofnun Vélskólans í Reykjavík og hefur síðan haft forgöngu í öllum meginmálum er skólann varða. Á kreppuárunum hljóp félagið undir bagga með þeim heimilum sem áttu við tímaþundinn fjárskort og atvinnuleysi að stríða og upp úr þeirri starfsemi fæddist hugmyndin að sparisjóðnum.

Rústirnar

Framhald af 1. síðu.

verið notuð skamma hrið. Eitt eða tvö klaufaleg handtök eða óvarleg meðferð á skóflu eða spaða getur eyðilagt allt verkið.

Roussel segir að ekkert hafi fréttzt um það að Ingstad hafi fundið hluti í rústunum á Nýfundnalandi, sem aðeins geti verið komnir frá Íslendingum eða öðrum norrænum mönnum. Þarna hafa hinsvegar að sögn Ingstads fundist rústir af húsaþyrpingu, sem þeir virðast halda að séu af hinnu íslenzku ganghúsa-gerð, þ.e. stofur, er liggja beggja vegna gangs, sem liggja hornrétt á framhliðina. Ef þetta er rétt skilið, geta tóftirnar ekki staðið í neinu sambandi við Leif Eiríksson, því hans byggingar, ef einhverjar væru, hefðu ekki getað haft slíkt byggingarlag. Því hlýtur maður að spyrja: Hver hefur þá byggt þessi hús? Það skyldi þó aldrei vera að franskir sjóræningjar hefðu reist þessar byggingar á 17. öld.

Áskorun Nehrus

Framhald af 1. síðu.

ar af með því að grafa sig niður í holur í jörðinni eins og rottur. Heimurinn á ekki nema um tvo kosti að velja, annaðhvort að banna atómvopnin eða fórn tilveru sinni, sagði Nehru ennfreður.

Um bann við kjarnavopnatilraunum sagði Nehru að ekkert býddi að treysta á einstakar ákvarðanir stórveldanna. Það eina sem veitti heimsbúum öryggi væru alþjóðlegir samningar kjarnorkuveldanna um bann við öllum kjarnavopnum undir tryggu eftirliti.



Leikfélag Reykjavíkur mun nú sýna aftur gamanleikinn „Sex eða 7“, en sýningar á honum hafa legið niðri um tíma, og verður 1. sýningin í kvöld og er það jafnframt 16. sýning á leikritinu. — Þessa skopmynd teiknaði Halldór Pétursson listmálari af þeim Þorsteini Ö. Stephensen, Brynjólfi Jóhannessyni og Guðmundi Pálssyni í hlutverkum sínum.

Nýstárleg barnabók

Rauði hatturinn og krummi nefnist nýstárleg barnabók sem út er komin á forlagi Helgafells.

Höfundur bókarinnar er Ásgerður Búadóttir; hefur hún bæði samið textann sem er mjög við hæfi hinna ungu lesenda og gert myndirnar, sem prýða bókina, einfaldar og skemmtilegar.

Til nýlundu telst að bókartextinn er prentaður á fimm tungumálum: íslenzku, dönsku, ensku, frönsku og þýzku.

Stalingrad – Volgograd

MOSKVA 11/11 — Borgin Stalingrad hefur nú verið skýrð upp og nefnist Volgograd, segir Moskvublaðið Pravda í morgun. Héraðið í kringum borgina hlýtur sömu nafnbreytingu.

Annað sovézkt blað skýrir frá því að bærinn Stalinsk í suðurhluta Síberíu heiti hér eftir Novokusnétsk. Iðnaðarborgin Stalino við Don hefur fengið sitt gamla nafn Donetsk.

Sumardagar í annari útgáfu

Sumardagar, hin vinsæla barnabók Sigurðar heitins Thorlácíus skólastjóra er komin út í 2. útg.

Það er Helgafell, sem gefur bókina út nú, en fyrsta útgáfa kom út árið 1939. Bókin er 87 blaðsíður í stóru broti, prýdd fjölda skemmtilegra teikninga eftir Valgerði Briem kennara.

Helgi Tryggvason opnar bókamarkað


Hinn kunnri bókamaður og blaðasafnari Helgi Tryggvason opnar á þriðjudag markað í Barkastræti 7 uppi (þar sem verzlunin Ninon var áður). Þar verða á boðstólum mörg hin fágætustu rit, bæði bækur, tímarit og blöð, sem ekki hafa verið faanleg áratugum saman.

Helgi er löngu landskunnur fyrir söfnun sína, og undanfarin ár hefur hann efnt til markaða, sem dregið hafa að sér athygli bóka- og blaðasafnara og bókavina.

Meðal bóka á markaðinum má nefna: Njálu útg. 1772, Norsku lög Gulapingslög í útg. Árna Magnússonar, Grasafræði Odds Hjaltalin, Sýslumannaævir o.m. fl. Meðal tímaritanna eru: Ný félagsrit, Fornbréfasafnið, Safn til sögu Íslands, Alþingisbækur Íslands, Landsýfirréttardómarnir, Náttúrufræðingurinn, Veði-maðurinn o. fl.

Auk þess verður til sölu mikill fjöldi af yngri og eldri bókum fyrir mjög lágt verð, þannig að allur almenningur getur gert þarna mjög góð kaup.

Bóka- og blaðamarkaðir Helga Tryggvasonar hafa verið fjöl-sóttir undanfarin ár, en óhætt mun að fulyrða að markaðurinn að þessu sinni sé sérstaklega girnilegur.



SEVEN UP

HRESSIÐ YÐUR Á

SEVEN UP

FÆST ALLSSTAÐAR

SEVEN UP

H.F. SANITAS – Sími 35350